

Ed.

143. Lög

um löggilding verslunarstaða í Valpjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.

(Afgreidd frá Ed. 26. febrúar).

1. gr.

Í Valpjófsdal, vestan megin Önundarfjarðar, og á Lambeyri við Tálknafjörð skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.